

Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 23. mars 2021

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (mansal).

Virðingarfyllst,  
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir  
framkvæmdastjóri



## UMSÖGN RAUÐA KROSSING Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (mansal).

### 151. löggjafarþing 2020-2021.

#### Þingskjal 917 – 550. mál.

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Einnig starfar félagið og stendur vörð um réttindi einstaklinga sem tilheyra öðrum berskjölduðum hópum, svo sem þeim sem glíma við heimilisleysi og nota ávana- og fíkniefni. Félagið er hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og vinnur að margskonar verkefnum á sviði mannúðaraðstoðar, sem hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans auk stjórnvalda og fjölda samstarfsaðila hér á landi.

Rauði krossinn fagnar framkomnu frumvarpi og telur það vandað og vel unnið. Telur félagið að breytingarnar séu til þess fallnar að auka réttarvernd þeirra sem verða fyrir mansali, einkum og sér í lagi þeirra hópa sem nefndir eru í frumvarpinu; umsækjendur um alþjóðlega vernd, flóttafólk, farandverkfólk og erlendir ríkisborgarar. Útvíkkun orðalags, sem og að tenging verknaðaraðferðar við einstök ákvæði almennra hegningarlaga sé afnumin, er að mati félagsins breyting til hins betra og komi til með að ná til fleiri einstaklinga en núverandi orðalag. Þá telur félagið breytingu orðalags varðandi að nota sér bága stöðu viðkomandi og viðbót frumvarpsins, þ.e. að notfæra sér fákunnáttu, varnarleysi eða með því að hagnýta sér yfirburðarstöðu afar mikilvæga og góða viðbót sem muni koma skjólstaðingum Rauða krossins og öðrum berskjölduðum hópum vel.

Rauði krossinn telur að ef frumvarpið nær fram að ganga og breytingin verði að lögum séu tekin skref í rétta átt til þess að efla réttarvernd þeirra sem verða fyrir mansali og að draga gerendur til ábyrgðar fyrir brot sín.

Rauði krossinn er reiðubúinn til viðræðna um samstarf með þann stuðning sem félagið getur veitt, meðal annars í samræmi við stoðhlutverki (e. auxiliary role) félagsins við stjórnvöld sem staðfest er með lögum um Rauða krossinn á Íslandi, nr. 115/2014.

